

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2022/545****2023/EES/63/23****frá 26. janúar 2022**

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur sem varða sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita þeirra og vegna gerðarviðurkenningar þeirra kerfa sem aðskildar tæknieiningar og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 frá 27. nóvember 2019 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra, og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis þeirra og verndunar farþega í ökutækjum og óvarinna vegfarenda, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009, (EB) nr. 79/2009 og (EB) nr. 661/2009 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 631/2009, (ESB) nr. 406/2010, (ESB) nr. 672/2010, (ESB) nr. 1003/2010, (ESB) nr. 1005/2010, (ESB) nr. 1008/2010, (ESB) nr. 1009/2010, (ESB) nr. 19/2011, (ESB) nr. 109/2011, (ESB) nr. 458/2011, (ESB) nr. 65/2012, (ESB) nr. 130/2012, (ESB) nr. 347/2012, (ESB) nr. 351/2012, (ESB) nr. 1230/2012 og (ESB) 2015/166 <sup>(1)</sup>, einkum 6. mgr. 4. gr. og 6. mgr. 6. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) 2019/2144 er mælt fyrir um almenna skyldu um að vélknúin ökutæki eigi að vera útbúin tilteknum háþrúðum ökutækjakerfum. Í II. viðauka þeirrar reglugerðar ætti að vera skrá yfir kröfurnar fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita þeirra og fyrir gerðarviðurkenningu þeirra kerfa sem aðskildar tæknieiningar. Nauðsynlegt er að bæta við þær kröfur með því að setja ítarlegar, samræmdar reglur um sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur fyrir slíkar gerðarviðurkenningar.
- 2) Tæknilegu kröfurnar og prófunaraðferðirnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð, varða vélknúin ökutæki í flokkum M<sub>1</sub> og N<sub>1</sub>, í samræmi við gildandi dagsetningar synjunar um að veita ESB-gerðarviðurkenningu að því er varðar þá flokka vélknúinna ökutækja sem settir eru fram í reglugerð (ESB) 2019/2144.
- 3) Í samræmi við 13. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2144 er atvikaritin kerfi sem hefur það eina markmið að skrá og geyma áriðandi mæliþætti í tengslum við árekstur og upplýsingar stuttu fyrir árekstur, meðan á honum stendur og eftir árekstur í því skyni að öðlast nákvæmari og ítarlegri gögn um slysi til að gera aðildarríkjum kleift að framkvæma greiningu á umferðaröryggi og meta skilvirkni sértækra ráðstafana.
- 4) Prófunaraðferðirnar og ítarlegu tæknilegu kröfurnar fyrir gerðarviðurkenningu gerða ökutækja að því er varðar atvikarita falla undir ákvæði reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 160 <sup>(2)</sup>. Því ætti að bæta þeirri reglugerð Sameinuðu þjóðanna við skrána yfir gildandi kröfur sem um getur í 5. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2144.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 107, 6.4.2022, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 325, 16.12.2019, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita (Stjtið. ESB L 221, 21.6.2021, bls. 15), reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita [2021/1215], röð breytinga nr. 01 (Stjtið. ESB L 265, 26.7.2021, bls. 3).

- 5) Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 inniheldur kröfur varðandi gagnastök sem atvikaritararnir eiga að skrá, snið þeirra gagna, kröfur vegna gagnaöflunar, skráningar og geymslu í ökutækinu, auk krafna um frammistöðu við áreksrprófun og lífslíkur.
- 6) Allar tæknilegar kröfur, sem mælt er fyrir um í röð breytinga nr. 01 á reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 <sup>(3)</sup>, skulu koma til framkvæmda frá og með dagsetningunum sem tilgreindar eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144, án þess að hafa áhrif á alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins.
- 7) Til að sjá til þess að framleiðendur ökutækja geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að gögn atvikarita verði vernduð gegn því að unnt sé að hagræða þeim og að þau verði aðgengileg með stöðluðum skilfleti ásamt því að tryggja nafnleysi þessara gagna, ættu þessar kröfur að koma til viðbótar við aukakröfurnar um heimt gagna, friðhelgi einkalífs og gagnaöryggi.
- 8) Til að tryggja að gögnin, sem atvikaritarinn skráir, verði nafnlaus ætti að skylda framleiðendur til að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að greint verði frá þeim gögnum eða að þau verði sótt ásamt öðrum upplýsingum sem varða einstakling.
- 9) Þar til staðlaðar samskiptareglur varðandi aðgang og heimt gagna úr atvikarita hafa verið innleiddar með framseldri gerð framkvæmdastjórnarinnar ættu framleiðendur ökutækja að veita viðeigandi aðilum upplýsingar um hvernig eigi að fá aðgang að gögnunum í atvikaritanum og hvernig eigi að sækja þau og túlka.
- 10) Staðfesta ætti rétta virkni atvikaritans og heilleika hugbúnaðarins ásamt því hvort atvikaritininn starfi rétt með reglu-bundnum prófunum á aksturshæfni ökutækja.
- 11) Taflan, sem inniheldur skrá yfir kröfur í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144, inniheldur ekki neinar tilvísanir í stjórnvaldsfyrirmæli að því er varðar atvikarita. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að setja tilvísun í þessa reglugerð og reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 í þeim viðauka.
- 12) Breyta ætti skránni yfir reglugerðir Sameinuðu þjóðanna, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2144 og sem er að finna í I. viðauka við þá reglugerð, þannig að hún innihaldi tilvísun í röð breytinga nr. 01 á reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160.
- 13) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/2144 til samræmis við það.
- 14) Ákvæði þessarar reglugerðar eru nátengd þar sem í þeim ákvæðum eru settar fram reglur um tæknilegar kröfur fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita þeirra auk gerðarviðurkenningar atvikarita sem aðskilin tæknieining. Vegna reglnanna, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, er nauðsynlegt að bæta við tilvísun í þessa reglugerð, reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 og röð breytinga nr. 01 á reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144. Því er viðeigandi að mæla fyrir um þau ákvæði í einni framseldri reglugerð.
- 15) Þar eð kröfurnar í reglugerð (ESB) 2019/2144, að því er varðar atvikarita fyrir ökutæki í flokkum M<sub>1</sub> og N<sub>1</sub>, eiga að koma til framkvæmda frá og með 6. júlí 2022 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með sama degi.

<sup>(3)</sup> Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita [2021/1215], röð breytinga nr. 01 (Stjtið. ESB L 265, 26.7.2021, bls. 3).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

#### Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um ökutækjaflokka M<sub>1</sub> og N<sub>1</sub>, eins og þeir eru skilgreindir í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 <sup>(4)</sup>.

2. gr.

#### Gildandi tæknilegar kröfur

1. Atvikaritakerfi ökutækis skal uppfylla tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í:

- a) reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 og
- b) ákvæðum 3., 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar.

2. Gerðarviðurkenning atvikarita sem aðskilin tæknieining skal vera með fyrirvara um að aðskilda tæknieiningin uppfylli sömu kröfurnar og þær sem settar eru fram í liðum 5.3 (inngangslíður), 5.3.3, 5.3.4, 5.3.5 og 5.5 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160.

3. Ef vélknúna ökutækið er búið atvikarita sem er gerðarviðurkenndur sem aðskilin tæknieining skal ökutækið og atvikariti þess uppfylla tæknilegu kröfurnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Hins vegar, að því er varðar 5. lið í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160, skulu þau uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í liðum 5.1, 5.2, 5.3.1, 5.3.2, og 5.4 í þeirri reglugerð.

3. gr.

#### Gagnaöryggi

1. Gögn tengd árekstrum, sem atvikaritinn skráir og geymir, skulu vernduð gegn því að unnt sé að hagræða þeim með því að uppfylla viðeigandi tæknilegar kröfur og umbreytingarákvæði í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155 <sup>(5)</sup>, í upprunalegu röðinni eða í síðari röðum breytinga á henni.

2. Hugbúnaðaruppfærslur, sem gerðar eru á atvikaritanum, skulu verndaðar, með nokkuð öruggum hætti, gegn því að vera stefnt í hættu og að upp komi ógildar uppfærslur.

4. gr.

#### Heimt gagna

1. Gögn tengd árekstrum, sem atvikaritinn skráir, skulu gerð aðgengileg til heimtar með raðtengi á staðlaða gagnatenglinum, sem um getur í lið 2.9 í X. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858. Ef raðtengið er óvirkt eftir árekstur skal heimt gagna vera möguleg með beinni tengingu við atvikaritann.

2. Framleiðandi ökutækis skal veita gerðarviðurkenningaryfirvaldi og, að beiðni gerðarviðurkenningaryfirvalds, öllum framleiðendum eða viðgerðarverkstæðum íhluta, greiningartækja eða prófunarbúnaðar, sem hagsmuna eiga að gæta, upplýsingar um hvernig aðgangur að gögnum úr atvikarita er fenginn ásamt því hvernig þau eru heimt og túlkðuð.

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu ökutækja að því er varðar netöryggi og stjórnunarkerfi netöryggis [2021/387] (Stjtíð. ESB L 82, 9.3.2021, bls. 30).

3. Ökutæki og atvikaritar þeirra skulu hönnuð þannig að tæki til gagnaheimtar geti gert atvikaskýrslur sem innihalda eftirfarandi gagnastök:

- a) öll skyldubundin gagnastök eins og krafist er samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160,
- b) nákvæma gerð ökutækis, afbrigði og útfærslu (þ.m.t. virk öryggis- og slysavarnarkerfi sem eru uppsett í ökutækinu) ökutækisins þar sem atvikaritinn er uppsettur.

Gögnin, sem um getur í b-lið hér að framan, skulu einnig vera aðgengileg þegar árekstrarprófuninni, sem um getur í lið 5.4.3 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160, er lokið.

4. Gögnin, sem atvikaritinn skráir, skulu ekki vera aðgengileg til heimtar með skilfleti sem unnt er að nota án þess að opna þurfi ökutækið eða nota verkfæri, eða með skilfleti ökutækis fyrir þráðlausar tengingar.

5. Gögn frá atvikaritanum sem gerð eru aðgengileg skv. 1. mgr.:

- a) skulu vera aðgengileg á tölvulæsilegu sniði,
- b) skulu hvorki innihalda upplýsingar né gerð aðgengileg ásamt öðrum upplýsingum sem gera kleift að tengja þau gögn við tiltekinn einstakling.

5. gr.

#### Ákvæði um prófun á aksturshæfni

Að því er varðar reglubundnar prófanir á aksturshæfni ökutækja skal vera mögulegt að sannprófa eftirfarandi þætti atvikarita-kerfisins:

- 1) rétta virkni kerfisins með sjónrænni athugun á stöðu bilunarviðvörðunarmerkisins eftir að aðalrofi ökutækisins hefur verið virkjaður og með því að skoða allar ljósaperur; ef bilunarviðvörðunarmerkið er birt á sameiginlegum fleti (svæði þar sem heimilt er að birta tvær eða fleiri upplýsingaaðgerðir eða -merki, en þó ekki samtímis), verður fyrst að ganga úr skugga um að sameiginlegi flöturinn sé virkur áður en stöðuathugun á bilunarviðvörðunarmerkinu fer fram,
- 2) rétta virkni kerfisins og heilleika hugbúnaðarins, með því að nota rafrænan skilflöt ökutækis á borð við þann sem mælt er fyrir um í 14. lið I. hluta III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB <sup>(6)</sup>, ef tæknilegir eiginleikar ökutækisins gera það mögulegt og nauðsynleg gögn eru gerð aðgengileg. Framleiðendur skulu tryggja að tækniupp-lysingarnar séu aðgengilegar fyrir rafrænan skilflöt ökutækisins í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/621 <sup>(7)</sup>.

6. gr.

#### Tímabundin ákvæði varðandi viðurkenningar samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160

1. Frá og með 6. júlí 2022 skulu landsyfírvöld sýnja, af ástæðum er varða atvikarita, um veitingu ESB-gerðarviðurkenningar eða landsbundinnar gerðarviðurkenningar að því er varðar nýjar gerðir ökutækja sem uppfylla ekki kröfur þessarar reglugerðar og tæknilegu kröfurnar í röð breytinga nr. 01 á reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160. Landsyfírvöld skulu þó, fram til 1. júlí 2024, samþykka viðurkenningar í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160, sem eru veittar utan ESB, sem annan kost til viðurkenningar í samræmi við röð breytinga nr. 01 á reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 í þeim tilgangi að veita ESB-viðurkenningu í samræmi við þessa reglugerð.

<sup>(6)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB frá 3. apríl 2014 um reglubundnar prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB (Stjtið. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 51).

<sup>(7)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/621 frá 17. apríl 2019 um þær tæknilegu upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir prófun á aksturshæfni varðandi þau atriði sem á að prófa, um notkun á þeim prófunaraðferðum sem mælt er með og um að koma á ítarlegum reglum um gagnasnið og málsmeðferðarreglur um aðgang að viðkomandi tæknilegum upplýsingum (Stjtið. ESB L 108, 23.4.2019, bls. 5).

2. Frá og með 6. júlí 2024 skulu landsyfírvöld, af ástæðum sem varða atvikarita, banna að ný ökutæki séu skráð, seld og tekin í notkun ef slík ökutæki uppfylla ekki kröfurnar í þessari reglugerð og tæknilegu kröfurnar í röð breytinga nr. 01 á reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160, þar eð samræmisvottorð slíkra ökutækja skulu ekki lengur vera í gildi. Landsyfírvöld skulu þó, fram til 1. júlí 2026, samþykkja viðurkenningar í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160, sem eru veittar utan ESB, sem annan kost til viðurkenningar í samræmi við röð breytinga nr. 01 á reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 að því er varðar skráningu, sölu og það að taka í notkun slík ökutæki í samræmi við 48., 49. og 50. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.

7. gr.

#### **Breyting á reglugerð (ESB) 2019/2144**

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

8. gr.

#### **Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 6. júlí 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. janúar 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

VIÐAUKI

Breyting á reglugerð (ESB) 2019/2144

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144 er breytt sem hér segir:

„160	Atvikaríti	Röð breytinga nr. 01	Stjtið. ESB L 265, 26.7.2021, bls. 3	M <sub>1</sub> , N <sub>1</sub> “.
------	------------	----------------------	--------------------------------------	------------------------------------

Í stað línunnar fyrir kröfu E5 í E-hluta II. viðauka kemur eftirfarandi:

„Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Sértæk tæknileg viðbótarákvæði	M <sub>1</sub>	M <sub>2</sub>	M <sub>3</sub>	N <sub>1</sub>	N <sub>2</sub>	N <sub>3</sub>	O <sub>1</sub>	O <sub>2</sub>	O <sub>3</sub>	O <sub>4</sub>	Aðskilin tæknieining	Íhlutur
E5 Atvikaríti	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/545 (*) Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160		B	D	D	B	D	D					B	

(\*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/545 frá 26. janúar 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur sem varða sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita þeirra og vegna gerðarviðurkenningar þeirra kerfa sem aðskildar tæknieiningar og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (Stjtið. ESB L 107, 5.4.2022, bls. 18).“